



Fréttatilkynning

11 Apríl 2025 17:50:00 GMT

Arion banki: Nýir samningar um viðskiptavakt með hlutabréf bankans

Arion banki hefur gert samninga við Landsbankann hf. og Fossa fjárfestingarbanka hf. um viðskiptavakt á hlutabréfum útgefnum af Arion banka sem skráð eru á aðalmarkað Nasdaq Iceland með auðkennið ARION.

Tilgangur samninganna er að auka viðskipti með hlutabréf Arion banka á Nasdaq Iceland, með það að markmiði að bæta seljanleika hlutabréfanna og tryggja skilvirka og gagnsæja verðmyndun.

Landsbankinn hf. skuldbindur sig sem viðskiptavaki til að setja daglega fram kaup- og sölutilboð á Nasdaq Iceland í hlutabréf Arion banka að lágmarki 15.000.000 kr. að markaðsvirði. Tilboð skulu endurnýjuð eins fljótt og unnt er, þó ávallt innan 15 mínútna eftir að þeim er tekið að fullu. Hámarks magn sem Landsbankinn er skuldbundinn til að kaupa eða selja á hverjum degi er nettó 45.000.000 kr. að markaðsvirði sem reiknast sem mismunur á þeim kaup- og sölutilboðum viðskiptavakans sem gengið er að. Sé hámarks magni dagsins náð, fellur niður skylda viðskiptavakans til að setja fram tilboð á þeirri hlið sem fyllt hefur verið, þar til gengið hefur verið á tilboð viðskiptavakans á mótlægri hlið og nettó viðskipta magn er aftur komið undir daglegt hámark. Magnvegið hámarksverðbil milli kaup- og sölutilboða ákvarðast af 10 daga flökti á verði hlutabréfa Arion banka. Sé birt 10 daga flökt minna en 30% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 1,5% en sé birt 10 daga flökt jafnt eða hærra en 30% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 3%.

Fossar fjárfestingarbanki hf. („Fossar“) skuldbindur sig sem viðskiptavaki til að leggja fram daglega kaup- og sölutilboð í hlutabréf Arion banka á Nasdaq Iceland áður en markaðurinn er opnaður. Tilboðin skulu gilda innan dagsins. Kaup- og sölutilboð skulu vera að lágmarki 87.500 kr. að nafnvirði á gengi sem Fossar ákveður en þó ekki með meira en 3,0% fráviki frá síðasta viðskiptaverði. Ef gengið er að tilboði Fossa skal félagið leggja fram nýtt tilboð innan 10 mínútna. Verðbil kaup- og sölutilboða skal ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Nasdaq Iceland eins og hún er hverju sinni, á þann veg að verðbil verði sem næst 1,5% en þó ekki lægra en 1,45%. Þó skal Fossum vera heimilt að setja fram kaup- og sölutilboð með lægra verðbili en að framan greinir við sérstakar aðstæður, t.d. í tengslum við breytingar á verðskrefatöflu Nasdaq Iceland. Eigi Fossar viðskipti með bréf Arion banka samkvæmt samningnum fyrir 525.000 kr. að nafnvirði eða meira innan dags, falla niður skyldur um hámarks mun kaup- og sölutilboða innan þess dags.



Samningarnir um viðskiptavakt eru ótímabundnir og gilda frá og með lok dags 11. apríl 2025. Samningsaðilum er heimilt að segja þeim upp með 14 daga fyrirvara eða eftir samkomulagi hverju sinni.

Samhliða tilkynnir Arion banki um að bankinn hafi sagt upp samningi sínum við Íslandsbanka hf. um viðskiptavakt á hlutabréfum útgefnum af Arion banka. Uppsögnin tekur gildi í lok dags 11. apríl 2025.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Nýir samningar um viðskiptavakt með hlutabréf bankans](#)